



Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 12. maí 2023
2023050393 01-615

Efni: Umsögn um frumvarp um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi

Bæjarráð Akureyrarbæjar lagði frumvarp um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028 mál á fundi 11. maí 2023 og bókaði eftirfarandi:

„Lagt fram til kynningar erindi dagsett 5. maí 2023 frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál 2023.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 17. maí 2023 nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:
<https://www.althingi.is/alttext/pdf/153/s/1637.pdf>

Bæjarráð leggur áherslu á að Akureyrarbær hefur áhuga á að taka þátt í að leita lausna varðandi húsnæðsvanda fyrir hælisleitendur í góðri samvinnu við ríkið, en telur varhugavert að tímabundið leyfi verði gefið til búsetu á atvinnusvæðum. Ekki er nægilega ljóst hvaða fordæmi verið er að setja með þessum breytingum. Bæjarráð telur að verði farið af stað með slíkar breytingar megi gera ráð fyrir þrýstingi um að slík leyfi verði framlengd og leiði mögulega til varanlegrar búsetu á svæðum sem ekki hafa verið skipulögð sem slík. Þá telur bæjarráð að skoða þurfi vel hvort og þá hvernig þessi breyting ef af verður hefur á þjónustu sveitarfélaga og að skýrari grein verði gerð á því hvaða afsláttur verði gefinn á kröfum til íbúðarhúsnæðis á atvinnusvæðum. Bæjarráð felur Péttri Inga Haraldssyni skipulagsfulltrúa að senda umsögn um frumvarpið.

Um 3. og 4. gr.

- Ef húsnæðið er þegar í notkun sem búsetuúrræði án leyfis, t.d. fyrir erlenda verkamenn eða fólk í viðkvæmri stöðu, verður slík notkun áfram óheimil. Er t.d. líklegt að fólk sem nú nýtir sér þetta húsnæði verði flutt í burtu?

- Vottorð öryggis- og lokaúttektar húsnæðis vegna samþykkrar notkunar þarf að liggja fyrir (t.d. sem skrifstofa eða verslun) en húsnæðis þarf einnig að uppfylla kröfur miðað við fyrirhugað not, þá væntanlega sem íbúðarhúsnæði (liðir a. og b. í 3. gr.). Er líklegt að húsnæði sem ekki hefur verið hannað sem íbúðarhúsnæði frá upphafi standist þessar kröfur án mikils tilkostnaðar?
- Afgreiðsla sveitarfélags má eingöngu taka tvær vikur sem felur í sér að ólíklegt er að hægt sé að fjalla um málið í viðeigandi ráði/ráðum og málið því alfarið í höndum starfsmanna sveitarfélaga en ekki kjörinna fulltrúa sem er óheppilegt. Um er að ræða mikilvægt mál sem nauðsynlegt er að sé afgreitt á opinn og faglegan hátt og þess vegna væri æskilegt að frestur sveitarfélags til að veita umsögn sé að lágmarki 4 vikur.
- Fram kemur að ef fyrirhugað er að nýta búsetuúrræðið lengur en í eitt og hálf ár þarf innan þriggja ára frá veitingu undanþágu vera búið að afla tilskilinna leyfa til að heimila breytta notkun til frambúðar, þ.e.a.s. breyta skipulagi svæðisins og fá samþykkt byggingarleyfi. Miðað við þær kröfur sem gerðar eru í b.lið 3. gr. er líklegt að fara þurfi í umfangsmiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir á húsnæði sem nýtt er sem tímabundið búsetuúrræði. Má því ætla að mikil pressa verði á sveitarfélög að samþykkja varanlega breytingu á húsnæðinu sem íbúðarhúsnæði þó svo að það sé ekki í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um skynsamlega landnotkun. Í 6. kafla greinargerðar frumvarpsins kemur fram að hugsanlega megi endurheimta útlagðan kostnað vegna breytinga við sölu á húsnæði enda séu breytingar til þess fallnar að auka virði þess. Þetta þýðir í raun að mjög ólíklegt er að húsnæði sem breytt hefur verið í íbúðarhúsnæði verði breytt til baka þó svo að nýting þess fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd hætti.

Virðingarfyllt,



Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Akureyrarbæjar